

Myndin er tekin þegar Þjóðleikhúsið upplýsir hver sé höfundur leikritsins „Uppreisnin á Ísafirði", – og höfundurinn, Ragnar Arnalds, sést þarna með leikurum í lok leiksins.

Sýningar Þjóðleikhússins helgina 24.-26. okt.:

Uppreisn á Ísafirði

Á föstudagskvöld verður 12. sýning á **Uppreisn á Ísafirði** eftir Ragnar Arnalds í Þjóðleikhúsinu, – en hún hefur verið sýnd við mjög góða aðsókn síðan 26. september.

Uppreisn á Ísafirði fjallar bæði á gamansaman og áhrifamikinn hátt um hin sögufrægu Skúlamál og atburði sem þeir tengdust.

Í helstu hlutverkum eru: Róbert Arnfinnsson, Randver Þorláksson, Kjartan Bjargmundsson, Lilja Þórisdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir og Helgi Skúlason. Leikstjóri var Brynja Benediktsdóttir og leiktjaldahönnuður Sigurjón Jóhannsson. Næsta sýning verður á föstud. kl. 20.00.

Óperan Tosca

Óperan Tosca eftir Puccini verður á stóra sviði Þjóðleikhússins á laugardags- og sunnudagskvöld. **Laugardagssýningin var sett inn vegna mikillar aðsóknar,** en uppselt er á aðrar sýningar út mánuðinn. Kristján Jóhannsson fer í þrjár vikur til Bandaríkjanna um mánaðamótin vegna annarra verkefna, en síðan hefjast sýningar á Toscu að nýju eftir miðjan nóvember.

Í aðalhlutverkum í **Toscu** eru: Elísabet f. Eiríksdóttir (Tosca), Kristján Jóhannsson (Cavaradossi) og Malcolm Arnold (Scarpia). Í öðrum helstu hlutverkum eru: Viðar Gunnarsson (Angelotti), Sigurður Björnsson (Spoletta), Sigurður Bragason (Sciarrone) Guðjón Óskarsson (Djákninn) og Stefán Arngrímsson (fangavörður). Auk þeirra taka stór hljómsveit, Þjóðleikhúskórinn, drengjakór og aukaleikarar þátt í sýningunni. Samtals er um 150 manns á sviði og í gryfju.



Við opnun sýningarinnar afhenti Magnús Kjartansson SÁÁ keramikverk að gjöf. Á myndinni veitir nýr formaður SÁÁ, Pjetur Þ. Maack, verkinu móttöku. Verkið heitir „Áhyggjur".

GALLERÍ BORG

Nú stendur yfir „upphengi" þeirra **Magnúsar Kjartanssonar og Jóns Axels Björnssonar** á málverkum í Gallerí Borg við Austurvöll, en þessari sýningu lýkur n.k. þriðjudag.

Magnús sýnir fimm málverk, fjögur þeirra undir gleri, og unnin með blandaðri tækni, Auk þess sýnir hann allmörg mónóþrykk.

Jón Axel sýnir fimm olíumálverk, sem öll eru unnin á þessu ári. Allar myndir þeirra tvímenninganna eru til sölu.

Gallerí Borg er opið daglega kl. 10-00-18.00 og kl. 14-00-18.00 um helgar.

Íslenska óperan:

Il Trovatore

Síðasta sýning á óperunni Il Trovatore verður í kvöld, föstud. 24. október kl. 20.00. Í aðalhlutverkum eru: Kristinn Sigmundsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Hrönn Hafliðadóttir, Garðar Cortes, Viðar Gunnarsson og Elísabet Waage. Hljómsveitarstjóri er David Parry, en hann stjórnaði einnig fjórum sýningum í maí sl.



Viðar Gunnarsson í hlutverki Fernandos, umkringdur kórfélögum.

Pétur Halldórsson

Í Listasafni ASÍ

Síðasta sýningarhelgi

Nú stendur yfir málverkasýning Péturs Halldórssonar í Listasafni ASÍ, Gresásvegi 16, efstu hæð. Þetta er fyrsta einkasýning Péturs og eru á henni 25 myndir, aðallega olíu- og akrýlmálverk.

Sýningin er opin virka daga kl. 16-20, en laugardag og sunnudag kl. 14-22. Sýningunni lýkur 26. október. Kaffiveitingar um helgina.

Karólína Lárusdóttir


– sýnir á Kjarvalsstöðum

Á morgun laugard. 25. október kl. 14.00 opnar Karólína Lárusdóttir sýningu í Vestursal Kjarvalsstaða. Sýnd verða olíumálverk, vatnslitamyndir og grafíkmyndir. Öll verkin eru unnin á síðasta ári.

Karólína er fædd í Reykjavík 1944. Eftir stúdentspróf frá MR hélt hún til myndlistarnáms í Bretlandi. Hún útskrifaðist frá Ruskin listaskólanum í Oxford árið 1967, og nam síðan við Barking College of Art í London með ætingu sem aðalgrein til 1977. Hún er búsett í Englandi síðan á námsárunum og vinnur þar að list sinni. Hefur einnig stundað kennslu og haldið fyrirlestra um myndlist víðs vegar.

Þessi sýning er sjötta einkasýning Karólínu, en einnig hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga. Hún er meðlimur í „The Royal Society of Painter-Etchers and Engravers".

Sýningin er opin daglega kl.14.00-22.00 og lýkur 9. nóv.




Eitt af verkum Karólínu Lárusdóttur „Vegurinn", sem er málað með olíu á striga 1986.

Leiksýning í Hlaðvarpanum:


Veruleiki

Sýningar verða laugardginn 25. okt. og sunnud. 26. okt. kl. 16.00 báða dagana á leikritinu „Veruleiki" eftir Súsönnu Svavarsdóttur í Hlaðvarpanum Vesturgötu 3.

Leikstjóri er Helga Bachmann, en leikendur: Ragnheiður Tryggvadóttir og Guðný Helgadóttir.



Guðný Helgadóttir og Ragnheiður Tryggvadóttir.



Frá leikstarfsemi Leikfélags Sólheima

Leiklist í Sólheimum í Grímsnesi

Vígt nýja íþrótta- og leikhúsið

Fyrsta vetrardag, eða laugard. 25. október, fer fram á Sólheimum í Grímsnesi formleg vígsla hins nýbyggða íþróttaleikhúss með frumsýningu Leikfélags Sólheima á bellettinum Rómeó og Júlía við tónlist Sergei Prókofíevs.

Á s.l. ári hefur veglegt hús risið á Sólheimum í Grímsnesi, svokallað íþróttaleikhús. Er það byggt fyrir söfnunarfé Sólheimagöngunnar á s.l. ári. Húsið er 375 m^2 að grunnfleti á tveimur hæðum. Á jarðhæð eru þrjár vinnustofur fyrir vistmenn auk kaffistofu. Á efri hæð, sem gengið er inní af jafnsléttu frá Sólheimahúsinu, er anddyri, búningsklefar og 250 m^2 salur. Þar verður aðstaða til íþróttaiðkana, leiklistarstarfsemi og samkomuhalds.

Leiklist hefur löngum verið snar þáttur í starfsemi Sólheima, en allt frá fyrstu starfsárum heimilisins hefur leiklist verið notuð í meðferðarstarfinu. Aðstaða hefur hins vegar verið erfið hingað til vegna húsnæðisleysis.

Leiksýningin Rómeó og Júlía er annar liður vígsluhátíðarinnar, sem hófst með veglegu íþróttamóti, Sólheimaleikunum 1986, í lok ágúst s.l. Vígsluhátíðinni lýkur með aðventuhátíð fyrsta sunnudag í aðventu 30. nóvember.

Hátíðin laugardaginn 25. október hefst með móttöku á jarðhæð íþróttaleikhússins kl. 15.00. Leiksýningin hefst síðan kl. 16.00.

Fjögur leikrit um helgina í Iðnó

Aukasýning verður kl. 15.00 á laugardag á leikritinu **„Gönguferð um skóginn"** eftir Lee Blessing, þar sem þeir Gísli Halldórsson og Þorsteinn Gunnarsson bregða sér í gervi leiðtoga stórveldanna.

Land míns föður eftir Kjartan Ragnarsson með tónlist Atla Heimis Sveinssonar er sýnt á föstudag kl. 20.30.

Svartfugl – síðasta sýning – verður á Svartfugli á laugardagskvöld kl. 20.30 og **Upp með teppið, Sólmundur** eftir Guðrúnu Ásmundsdóttur er sýnt á sunnudagskvöld kl. 20.30.




Margrét Helga og Sigurður í hlutverkum Steinunnar og Bjarna í Svartfugli.

Aukasýning í Iðnó á laugard. kl. 15.00:

„Gönguferð um skóginn"

Vegna fjölda áskorana hefur Leikfélag Reykjavíkur ákveðið að endurtaka leikritið „Gönguferð um skóginn" sem flutt var tvívegis í tengslum við fund þeirra Gorbatsjovs og Reagans. Hér er um að ræða nýtt, bandarískt leikrit eftir Lee Blessing um friðarviðræður stórveldanna, þar sem aðalpersónur eru leiðtogar Bandaríkjanna og Sovétmanna í afvopnunarviðræðum í Genf.

Það eu þeir **Gísli Halldórsson og Þorsteinn Gunnarsson** sem leika Sovétmanninn Botvinnik og Bandaríkjamanninn Honeyman. Verkið er flutt í sviðsettum leiklestri í þýðingu Sverris Hólmarssonar. Leikstjóri er Stefán Baldursson. Sýningin verður kl. 15.00 á laugard. í Iðnó.



Gísli Halldórsson og Þorsteinn Gunnarsson í „Gönguferð um skóginn".